

Atlantsolía ehf
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður

Akureyri, 28. september 2020
UST202003-186/G.S.Á.
08.06.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Atlantsolía - Reglubundið eftirlit þann 20.8.2020, hjá
Atlantsolíu ehf.**

Þann 20. ágúst sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Atlantsolíu ehf., Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

- Gr. 2.5 í starfsleyfi.** Í síðasta eftirliti var sett fram ábending um að áhættumat og viðbragðsáætlun þyrfti að uppfæra m.t.t. breytts fyrirkomulags við dreifingu olíu úr stöðinni skv. gr. 2.5 í starfsleyfi. Ekki var búið að uppfæra áhættumat og viðbragðsáætlun er eftirlit fór fram.
- Gr. 4.1 í starfsleyfi.** Skráningum skv. gr. 4.1 er ábótavant. Uppfæra þarf rekstrarhandbók og færa reglulega inn skráningar um viðhald, eftirlit og bilanir.
- Gr. 15 í reglugerð nr. 884/2017.** Skv. gr. 15 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, skulu olíuskiljur vera búnar viðvörunarbúnaði. Viðvörunarbúnaður í skiljunum er ekki til staðar en rekstraraðili setur hann upp við fyrsta tækifæri. Eftirlitsaðili óskar eftir staðfestingu á uppsetningu búnaðar að framkvæmd lokinni. Staðfesting barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 24. sept. sl. og fráviki telst því lokið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. október 2020.

Virðingarfyllst

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Gottskál Friðgeirsson

Gottskál Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogs

EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolia Hafnarfirði



Dags eftirlits	20.8.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Atlantsolia	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fullrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fullrúi fyrirtækis		Staðsetning	354728,781 399121,086

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram við eftirlit er varða að uppfæra þarf áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda og að skráningum, utanumhaldi rekstrarhandbókar er ábótavant og að viðvörunarbúnað vantar í oliuskilju. Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftifarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit en ábendingar komu fram um að bæta þyfti skráningar í rekstrarhandbók og huga betur að þjálfun starfsmanna í stöðinni.

Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Umfang starfseminnar er óbreytt frá síðasta eftirliti. Þær breytingar hafa orðið á rekstrinum að rekstraraðili hefur hætt dreifingu á olíuefnum og hefur Olíudreifing tekið það yfir og sinnt því frá því í mars 2019. Engir starfsmenn rekstraraðila eru nú á staðnum en hefur viðhaldi og þjónustu verið úthýst til Teknis ehf. sem hafa reynslu af þjónustu við olíulöönaðinn. Fyrirhugað er að setja upp skolgeymi við stöðina til tæmingar á lögnum flutningsbíla á milli áfyllinga. Geymirinn er kominn á staðinn en ekki er búið að tengja hann. Um 15-50L af olíuefnum liggja í lögnum bílanna eftir tæmingu og er því tappað af þegar skipt er á milli bensíns og díselolíu á flutningsbílunum. Aftöppunarefnin fara svo til endurnýtingar í Örfirisey.

Síðasta löndun olíu var þann 10. ágúst sl. en landað er á um 5 vikna fresti. Olíudreifing sér um löndun olíu fyrir rekstraraðila og fylgir þar viðurkenndum gæðastöðum og eigin verklagsreglum. Olíudreifing ber ábyrgð á löndun olíu frá höfn og upp að geymi. Slökkvibúnaður er prófaður tvívar sinnum á ári. Þróystiprófun á lögnum var í gangi á meðan eftirlitið fór fram. Búið er að botnþykktarmæla geymi G002, lítur hann vel út og hefur áframhaldandi notkun verið heimiluð. Fyrirhugað er að skipta út þéttingu á innra flotþaki bensíngeymisins, G003 um leið og hann verður botnþykktarmældur. Fyrirséð er að varahlutur til þeirra vinnu ná ekki að koma til landsins fyrir haustið og því verður að fresta þeirri framkvæmd fram til næsta vors. Áætlað var að botnþykktarmæla geymi G001 um leið og geymi G003. Áætlað er að gera mælingar á útblásturslofti bensíngeymis þann 10 sept. nk. og verður gufuendurnýtingabúnaðurinn þjónustaður og yfirfarinn um leið. Rekstraraðili sendir niðurstöður þeirra mælinga til eftirlitsaðila um leið og þær liggja fyrir.

Olíuskiljurnar voru tæmdar í fyrra en upplýsingar um dagsetningu, magn, eða flutningsaðila liggja ekki fyrir og eru ekki skráðar í rekstrarhandbók. Mælingar í frárennslu olíuskiljanna voru síðast gerðar árið 2017 og ber því að gera mælingar nú í ár skv. gr. 4.3 í starfsleyfi. Minnt er á að halda skal utan um allar skráningar um þjónustu olíuskiljanna, í rekstrarhandbók. Skoðað var ofan í olíuskiljurnar og litu þær vel út. Skv. gr. 15 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, skulu olíuskiljur vera búnar viðvörunarbúnaði. Tengingar eru til staðar í olíuskiljunum og setur rekstraraðili upp viðeigandi búnað í skiljurnar. Eftirlitsaðili óskar eftir staðfestingu á uppsetningu búnaðar að framkvæmd lokinni.

Staðfesting barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 24. sept. sl. og fráviki telst því lokið.

Rekstrarhandbók þarf að uppfæra. Engar skráningar voru aðgengilegar á staðnum við eftirlit eins og vera ber skv. gr. 4.1 í starfsleyfi. Starfsleyfið var til staðar í rekstrarhandbók, umhverfismarkmið og afrit af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda voru send í tölvupósti til eftirlitsaðila að loknu eftirliti. Áhættumat og viðbragðsáætlun þarf að uppfæra m.t.t. breytts fyrirkomulags við dreifingu olíu úr stöðinni.

Engin spilliefnaúrgangur fellur til í stöðinni en starfsmenn Olíudreifingar taka með sér olíublautar mottur og tuskur ef við á. Annar úrgangur fer til skrifstofu og í sameiginlegan úrgang þar.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Sprungur eru komnar í malbik lekavarnabróar en gert er við það reglulega. Lokar lekavarnaþróarinnar stóðu lokaðir. Myndavélakerfi með hreyfiskynjara er á svæðinu og sjálfvirkur viðvörunarbúnaður er til staðar sem gerir starfsmönnum viðvart ef eitthvað óeðlilegt er í gangi varðandi geymana. Hlið stóð læst er komið var að stöðinni og girðingar eru heilar að sjá.

Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila verðandi starfsemina og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.5 í starfsleyfi	Í síðasta eftirliti var sett fram ábending um að áhættumat og viðbragðsáætlun þyrti að uppfæra m.t.t. breytts fyrirkomulags við dreifingu olíu úr stöðinni skv. gr. 2.5 í starfsleyfi. Ekki var búið að uppfæra áhættumat og viðbragðsáætlun er eftirlit fór fram.
Gr. 4.1 í starfsleyfi	Skráningum skv. gr. 4.1 er ábótavant. Uppfæra þarf rekstrarhandbók og færa reglulega inn skráningar um viðhald, eftirlit og bilanir.
Gr. 15 í reglugerð nr. 884/2017	Skv. gr. 15 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, skulu olíuskiljur vera búnar viðvörunarbúnaði. Viðvörunarbúnaður í skiljunum er ekki til staðar en rekstraraðili setur hann upp við fyrsta tækifæri. Eftirlitsaðili óskar eftir staðfestingu á uppsetningu búnaðar að framkvæmd loksinni. Staðfesting hefst eftirlitsaðila með tölvupósti

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.


ANNAÐ

Viðstaddir eftirlitið voru fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Hafnafjarðar og - Kópavogs og Bjarki Kristjánsson frá Mannvit.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist fráviki.

Reykjavík, 28.09.2020


Guðbjörg Stella Árnadóttir